



Reykjavíkurborg
Borgarskjalasafn Reykjavíkur



Reykjavík, 19. febrúar 2007

R07020128

2.65.1

Ágústa Johnsen og Sigríður Kr. Johnsen
Flókagata 61
105 REYKJAVÍK

Hótel Ísland einkaskjalasafn nr. 171

Nú hefur verið lokið við að ganga frá skjölum sem afhent voru safninu í október 2005. Ég sendi ykkur hér með skjalaskránnu til eignar og ef þið hefið einhverjar athugasemdir þá vinsamlegast hafið samband við Guðjón Indriðason deildarsjóra. Enn fremur vil ég fyrir hönd Borgarskjalasafns Reykjavíkur þakka ykkur kærlega fyrir skjalaafhendinguna.



Elín Þórðardóttir

Hjálagt:
Skjalaskrá einkaskjalasafns nr. 171

Einkaskjalasafn nr. 171

Hótel Ísland

Austurstræti 2

Hús á lóðinni Austurstræti 2 var endurbyggt og stækkað árið 1901 og fékk nafnið *Hótel Ísland*. J.G. Hallberg var kunnur veitingamaður á Hótel Íslandi. Nokkurrar stéttskiptingar þótti gæta hvað snerti gesti í einstökum veitingasölum, en alþýðlegastur þótti salur er nefndur var *Svínastían*, sem var nokkurskona bar og drukkið þar ótæpilega, en árið 1906 urðu mikil umskipti er godtemplarar keyptu húsið. Síðar eignaðist A. Rosenberg veitingamaður húsið og rak hótelið til 1944, er þar brann. Þetta var lengi einn helsti samkomustaður í Reykjavík, glæsilegur veitingastaður og jafnframt um skeið stærsta gistihús landsins.

Við brunann bjargaðist lítið eitt, en hér eru tvö sýnishorn, gjöf Sigríðar Kr. Johnson fædd 1908. Sigríður starfaði á Hótel Íslandi m.a. sem bókari. Hún færði bækurnar sem Ágústa Johnson dóttir hennar afhenti Borgarskjalasafni fyrir hönd Sigríðar að gjöf.

Skjalaskrá

Sjóðsreikningur, dagbókafærslur - yfirlit yfir starfsemi hótelsins 1939-1944.

Sjóðbók Hótel Íslands 1944 -1946,
(þ.e. framhald varð á starfseminni eftir brunann 1944).

Skráð í febrúar 2007 / GI.